



Umsókn um styrkveitingu félaga- og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts

Umsókn um styrkveitingu til félaga- og félagasamtaka um greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og reglum bæjarstjórnar Kópavogs frá 25. janúar 2007.

Umsækjandi:

| | |
|---------------------------------------|-------------------|
| Heiti félags: | Kennitala: |
| | |
| Lögheimili: | Póstnúmer: |
| | |
| Símar: | Gsm: |
| | |
| Netfang: | Fax: |
| | |
| Framkvæmdastjóri / tengiliður: | Heimasíða: |
| | |

Lýsing á starfsemi:

Upplýsingar um fasteign sem sótt er um styrk til greiðslu fasteignaskatts:

| | |
|--|--------------------|
| Heimilisfang: | Fastanúmer: |
| | |
| Notkun fasteignar: (sjá 1. og 2. gr. reglna bæjarstjórnar Kópavogs) | |

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn svo hún sé tekin gild:

- Ársreikningur fyrir síðastliðið ár, undirritaður af lögg.endurskoðanda.

Umsókn þarf að berast fyrir 10. mars hvert ár.

Staður og dagsetning
(prókúruhafa)

Undirskrift umsækjanda

Umsókn berist til:
Bæjarráð Kópavogs, Fannborg 2, 200 Kópavogur



Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 5 gr. 2 mgr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf.

Reglur bæjarstjórnar Kópavogs um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

1. gr.

Félög og félagasamtök, sem eru fasteignareigendur í Kópavogi, og í húsnæðinu fer eingöngu fram starfssemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfssemi og mannúðarstörf, eiga þess kost að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af viðkomandi fasteign. Ekki er um að ræða styrki til greiðslu á fasteignatengdum gjöldum svo sem vegna sorphirðu, vatnsnotkunar o.s.frv.

2. gr.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. gr. jafnframt notaðar til annarra nota en að fram greinir og skal þá styrkur veittur í réttu hlutfalli við slík not.

3. gr.

Sækja skal um styrki til bæjarráðs skv. ofansögðu á þar til gerðum eyðublöðum sem liggja fram á bæjarskrifstofu ásamt þeim fylgigögnum sem þar kann að verða beðið um hverju sinni. Bæjarráð getur og óskað frekari gagna en þar er beðið um, telji ráðið að slíkt kunnist að vera nauðsynlegt við mat á umsóknum.

4. gr.

Auglýst skal í janúar ár hvert eftir umsóknum um styrki til greiðslu fasteignaskatts. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum sé einn mánuður og að úthlutun og greiðslu styrks sé lokið mánuði eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

5. gr.

Bæjarráð Kópavogs í umboði bæjarstjórnar móttækur og afgreiðir umsóknir skv. reglum þessum.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

6. gr.

Sætti aðili sig ekki við afgreiðslu bæjarráðs á umsókn getur hann óskað eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Reglur þessar, sem samþykktar eru í bæjarstjórn Kópavogs, eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og með vísan til 7. gr. í reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.